


VITRANIR FRÁ ÖÐRUM HEIMI



Eftir Sadhu Sundar Singh

FORMÁLI BISKUPSINS Í LAHORE

Mér er upphefð að því að geta orðið við bón vinar míns, Sadhu Sundar Singh, um að skrifa stuttan formála við þessa bók hans, því ég er viss um, að hún getur orðið mörgum mönnum til hjálpar í baráttunni við að leita sannveruleikans. Ég vildi aðeins óska, að allir lesendur bókarinnar hefðu borið gæfu til þess að þekkja höfundinn persónulega, eins og við margir hér á Norður-Indlandi og raunar margir í Evrópu líka. Því að þeim boðskap, sem bókinn fjallar um, eykst styrkur við þau áhrif andlegar heilbrigði og heilagrar einfaldni, sem stafar frá höfundi hennar við samtal og kynningu.

Ég get búist við að margir lesendur freistist til að spyrja: „Hvað er eiginlega það, sem hér er skýrt frá?“ „Að hve miklu leyti hefur undirmeðvitundin haft hér hönd í bagga? Var nokkur veruleiki bak við þessar sýnir?“

Ég hef ekki þá heimspekilegu þekkingu, að ég sjái mér fært að svara þessum spurningum. Og ég er hins vegar alls ekki viss um, að þó ég gæti það, þá væri nokkuð unnið. Páll postuli lætur sér nægja að segja frá sinni mestu andlegu reynslu, án þess að leitast við að skýra hana. „Hvort það var í líkamanum, veit ég ekki, eða utan líkamans, veit ég ekki, Guð veit það“ (2. Korintubr. 12,2). Hið sannasta virðist vera, að taka það eins og það er talað, í einfaldni hjartans.

Það var síðari hluta sunnudags, í sumar sem leið að ég las handrit bókar þessarar í Simla. Þegar ég að loknum lestri, reyndi að gera mér grein fyrir áhrifum hennar, voru þau þessi: Ég fann að tjaldið, sem sífellt dylur okkur útsýn til hinnar sönnu tilveru, var dregið um stund til hliðar, og mér hafði leyfst, gegnum þennan tryggja þjón Krists, að sjá hlutina á bak við það, eins og þeir eru. Og mér er næst að halda, þó ég megi ekki fullyrða það, að vini mínum, Sundar Singh, sé kærast að sýnir hans séu „skýrðar“ á þennan einfalda hátt.

Meðan ég var að hugsa um það sem ég hafði lesið, komu mér í hug orð úr heilagri ritningu, sem virtust snerta svipuð efni.

Samhliða öllum hinum mismunandi skoðunum á því, hvernig Guðsríki komi, eigum við vitnisburð Drottins sjálfs um hvernig það hafi komið með ákveðnum hætti. Í Markús 9,1 segir hann: „Sannlega segi ég yður, nokkrir af þeim, er hér standa, munu alls eigi smakka dauðann, fyrr en þeir sjá Guðsríkið komið með krafti“. Bæði í Markúsar- og Matteusarguðspjalli eru þessi orð tengd svo ákveðið við ummyndunina á fjallinu, að ég efast ekki um, að guðspjallahöfundarnir hafa báðir skoðað þetta minnisstæða atvik í lífi hinna þriggja útvöldu lærisveina sem „Guðsríki komið í krafti.“ (Einn af lærisveinunum þremur var Pétur, sem var heimildarmaður Markúsarguðspjalls).

En ummyndunin á fjallinu var einmitt fólgin í því, að tjaldið sem dylur hinn ósýnilega heim, var dregið til hliðar, svo að nokkrir íbúar hans urðu sýnilegir og heyrnlegir mannlegum augum og eyrum og heilagleikur og dýrð Jesú Krists birtist gegnum hans jarðneska líkama.

Getur ekki verið, að slík reynsla eins og þessi, veitist ennþá þjónum Guðs? Ég fyrir mitt leyti trúi því að reynsla Sundar Singh í sýnum hans hafi verið sams konar, að hann hafi séð tilveruna annars heims eins og hún er sönn, og séð sjálfan Drottin, eins og hann er.

Slíkum opinberunum eins og þessum, er skylt að taka með lotningu, en þær verða líka að vera skoðaðar með tilliti til opinberunar Guðs í Jesú Kristi. Þann mælikvarða hef ég reynt að leggja á þessar opinberanir og mér finnast þær vera í fullu samræmi við dýrlegustu opinberun Guðs, eins og hún birtist í lífi og kenningu Drottins vors. Ég tek þær því sem enn eina sönnun þess, að Guð talar ennþá til lýðs síns, og ég bið þess, að þessi litla bók megi opna augu margra fyrir hinni „raunverulegu tilveru“ sem umlykur okkur, „sem er nær en andardráttur vor, nær en hendur vorar og fætur“, en sem við allt of oft lokum augunum fyrir.

Simla, 6. ágúst 1926

Biskupinn í Lahore á Indlandi

FORMÁLI HÖFUNDARINS

Ég hef reynt í bók þessari að lýsa nokkrum þeim sýnum, sem Guð hefur leyft mér að sjá. Sjálfum hefði mér verið næst skapi að skýra ekki frá þeim opinberlega meðan ég var á lífi, en nokkrir vinir mínir, sem ég met mikils, hafa lagt hart að mér að birta þær nú þegar, öðrum til andlegrar hjálpar. Er það því til þess að verða við óskum þeirra, að bók þessi er nú gefin út.

Það var fyrir 14 árum síðan, í Kotgarh, að augu mín opnuðust svo að ég sá inn í himininn. Ég var á bæn. Svo lifandi og raunverulegt var það sem ég sá, að ég hélt, að ég væri dáinn og sál mín komin inn í dýrð himneskrar tilveru. En síðan hefur líf mitt stöðugt verið auðgað með slíkum sýnum. Ég get ekki kallað þær fram sjálfur, en oft (stundum 8 eða 10 sinnum á mánuði), opnast augu mín og ég sé inn í himininn og ég dvel þar í 1-2 stundir í himneskri dýrð með Jesú Kristi og tala við engla og anda. Kemur það helst fyrir þegar ég er á bæn eða í djúpri íhugun.

Svör þeirra við spurningum mínum eru mikill hluti efnisins í bókum þeim, sem ég hef þegar skrifað. Og hin ósegjanlega hrifning, sem ég nýt í hinu andlega samfélagi við þessar verur, hefur komið mér til að þrá mjög þá stund, þegar ég fæ fyrir fullt og allt að stíga inn í sælu og samfélag hinna endurleystu.

Sumum kann að virðast, að þessar sýnir séu ekki annað en eins konar spíritismi, en ég vil leggja áherslu á, að þar er mjög verulegur munur. Spíritisminn staðhæfir að vísu að hann flytji mönnum boð og tákni utan úr myrkrinu, en þessi boð og tákni eru venjulega svo sundurlaus og óskiljanleg, ef ekki algerlega röng, að þau leiða menn frekar burt frá sannleikanum heldur en til hans.

Í sýnum þessum sé ég hins vegar skýrt og greinilega jafnvel hið smávægilegasta í dýrð hins andlega heims, og ég fæ að njóta þeirrar uppbyggilegu reynslu sem raunverulegt samfélag hinna heilögu er, mitt í ólýsanlega björtu og fögru umhverfi annars heims. Það er frá þessum englum og hinum heilögu sem ég hef fengið skýr og greinileg svör við mörgum þeim spurningum sem ollu mér áhyggjum, en aldrei sundurlaus eða óákveðin boð frá ósýnilegum heimi.

Þetta samfélag heilagra, var svo viðurkenndur veruleiki á dögum hinna fyrstu kristnu safnaða, að það er gert að einu trúaratriðinu og af þeirri nauðsyn tekið upp í postullegu trúarjátninguna.

Eitt sinn, meðan á vitrun stóð, bað ég einn af englunum að gefa mér sönnun úr ritningunni fyrir „samfélagi heilagra“ og mér var sagt, að hana væri að finna í Sakaríu 3,7. Þar segir engillinn við Jósúa: „... ég heimila þér að ganga meðal þessara þjóna minna.“ Þar er ekki átt við engla, eða menn, heldur hina heilögu í dýrðinni. Það sem Guð lofar Jósúa, er að hann „heimili honum gang meðal þessara þjóna sinna“. Ef hann gangi á vegum hans, skulu þeir

(hinir heilögu) vera „félagar“ hans, og þar er átt við mannssálir sem hafa náð fullkomnun. Með þeim á hann að hafa samfélag.

Hér verður oft talað um Anda, Hina heilögu og Engla. Með þessari skiptingu er átt við, að *andar* eru bæði góðir og vondir, og þeir búa á eins konar millistigum milli himnaríkis og helvítis. „*Hinir heilögu*“ eru þeir einstaklingar sem komnir eru yfir þessi millistig á æðri svið í hinum andlega heimi og gegna þar sérstökum störfum, sem þeim eru falin. *Englar* eru dýrðlegar verur, sem gegna alls konar æðri störfum, og meðal þeirra eru margir helgir menn bæði frá öðrum hnöttum og þessari jörð, og þeir lifa allir saman sem ein fjölskylda. Þeir þjóna hver öðrum í kærleika og eru eilíflega sælir í þeirri dýrð, sem streymir út frá Guði.

Andaheimurinn táknar það millisvið, sem sálirnar fara til eftir viðskilnaðinn við líkamann. En hinn „andlegi heimur“ umlykur hins vegar allar andlegar verur á hvaða þroskastigi sem er, milli hins dýpsta vítis og hásætis Guðs, sem býr í ljósinu.

Ég vil færa einlæga þökk Séra T.E. Riddle í Kharar sem þýddi bókina úr frummálinu (Urdu) á ensku. Einnig vil ég þakka Frk. E. Sanders fyrir að hafa leiðrétt prófarkir.

Subathu í júlí 1926

Sundar Singh

I

Lífið og dauðinn

Lífið

Það er aðeins ein lífsuppspretta — Takmarkalaust og Almáttugt Líf — og skapandi máttur þess gefur öllu lífandi lífið. Allt hið skapaða fær líf sitt frá þessari uppsprettu, Guði, og í honum verður það um alla eilífið. Þessi lífsuppspretta hefur skapað óteljandi önnur form af lífi í mismunandi myndum og misjafnlega fullkomin og er maðurinn eitt af þeim, skapaður í Guðs eigin mynd, svo hann mætti ávallt vera hamingjusamur í hinni heilögu nærveru Guðs.

Dauðinn

Þetta líf getur tekið breytingum, en það er aldrei hægt að eyða því og þótt það eigi sér stað umbreyting frá einu stigi tilverunnar yfir á annað sem kallast Dauði, þá þýðir það aldrei að dauðinn sé endalok lífsins, né heldur að hann bæti neinu við lífið eða taki nokkuð frá því. Dauðinn flytur einfaldlega lífið frá einu stigi tilverunnar yfir á annað. Hlutur sem hverfur sjónum okkar, hættir ekki endilega að vera til. Hann hefur aðeins færst yfir í annað ástand.

Maðurinn getur ekki hætt að vera til

Það er ekki hægt að eyða neinu í alheiminum, vegna þess að Skaparinn hefur ekki skapað neitt til eyðingar. Ef hann vildi eyða því, hefði hann aldrei skapað það. Ef það er ekki hægt að eyða endanlega neinu í sköpuninni, hvernig gæti verið hægt að eyða mannum, sem er kóróna sköpunarverksins og ímynd skaparans? Getur Guð eytt sinni eigin ímynd eða getur einhver önnur vera gert það? Aldrei! Ef maðurinn eyðist ekki við dauðann, þá kemur strax upp spurningin: „Hvar verður maðurinn eftir dauðann, og í hvaða ástandi?“

Ég ætla að gefa stutta skýringu á þessu út frá sýnum mínum, þó að ómögulegt sé að lýsa öllu því, sem ég hef séð í sýnum í hinum andlega heimi. Því mælt mál eða líkingatal nær skammt þegar þarf að lýsa staðháttum andlega heimsins og mjög er hætt við að tilraunir til að lýsa þeirri dýrð með orðum, sem ég hef séð, verði misskilningur einn.

Ég verð því að sleppa lýsingum á hinum dýpri vitrunum, sem erfitt er að lýsa í orðum án andlegrar upplifunar, en taka aðeins fáein einföld og upplýsandi dæmi sem geta gagnast öllum.

Vegna þess að allir munu fyrr eða síðar koma til hins ósýnilega heims, er það mikilsvert að kynna sér hann eftir föngum.

II

Dauðastundin

Dag nokkurn, er ég bað í einrúmi, sá ég mig allt í einu umkringdan fjölda andlegra vera. Réttara væri ef til vill að segja, að um leið og mér opnaðist hin andlega sýn, fann ég sjálfan mig á knébeði mínu á meðal fjölda hinna heilögu og engla. Fyrst var eins og ég færi hjá mér þegar ég sá hvað þeir voru ljómandi og dýrðlegir, þegar ég bar þá saman við mig, sem stóð þeim svo langt að baki. En samúð þeirra og kærleikur gerði mig þegar rólegan.

Áður hafði ég þekkt og fundið þann frið, sem Guðs-nálægðin veitir í lífinu, en samveran við þessa helgu anda fyllti mig nýjum og óþekktum fögnuði. Í samtalinu gáfu þeir mér svör við ýmsum örðugum viðfangsefnum, sem ég hafði ekki skilið áður.

Fyrst spurði ég um, hvað færi fram á dauðastundinni og hvernig líðan sálarinnar væri eftir dauðann. Ég sagði: „Við vitum hvað gerist í lífi okkar frá bernsku og fram í elli, en við vitum ekkert um hvað gerist í dauðanum, eða hinum megin við dauðans dyr. Þekkingu á því hafa aðeins þeir, sem stigið hafa yfir þrep dauðans og komnir eru inn í andaheiminn. „Getið þið“, spurði ég, „frætt mig nokkuð um þessi efni?“

Einn af hinum heilögu svaraði þessu: „Það er með dauðann eins og svefninn. Það eru engar kvalir við sjálfa breytinguna frá lífi til dauða, nema í einstaka tilfellum, og stendur þá í sambandi við líkamlega sjúkdóma eða sérstakt andlegt ástand. Eins og örþreyttur maður yfirbugast af svefnþunganum, eins sofnar maðurinn dauðasvefninum.

Dauðinn kemur mörgum svo að óvörum, að þeir eiga mjög erfitt með að átta sig á að þeir séu búnir að yfirgefa efnisheiminn og komnir yfir í andlega tilveru. Oft álíta menn sig þá komna til annars lands eða borgar hér í heimi, þegar þeir sjá hið marga nýja og fagra, sem þeim birtist. Fyrst þegar búið er að fræða þá og þeir sjá að andlegi líkaminn er öðruvísi en sá jarðneski var, skilja þeir, að þeir eru fluttir úr efnisheiminum yfir í andaheiminn“.

Annar hinna heilögu svaraði ennfremur: „Venjulega tapar líkaminn tilfinningunni smátt og smátt rétt fyrir dauðann. Hann finnur ekkert til, en yfirbugast af svefnþörf. Stundum yfirgefur sálin líkamann meðvitundarlausan, t.d. í miklum veikindum eða við slysfarir. Þegar slíkt kemur fyrir, að menn koma yfir um án þess á nokkurn hátt að búa sig undir það meðan þeir lifðu, verða þeir oft fyrst í stað ákaflega ruglaðir og eiga bággt með að setta sig við tilveruna. Verða þeir því í lengri eða skemmri tíma að dvelja á lægri og dimmari millisviðunum. Andarnir sem dvelja á þessum lægri sviðum, geta oft þjád menn hér á jörðu á ýmsan hátt. En þeir geta aðeins gert þeim mönnum mein, sem að siðferðis- og sálarástandi eru þeim líkir og opna sálir sínar og hugskot fyrir þeim af fúsum vilja. Þessir vondu andar gætu gert mjög mikið illt, þegar þeir sameina sig margir, ef Guð hefði ekki sett fjölda engla til varðveislu mönnunum og öðru sköpuðu, svo að mennirnir sem óttast hann eru sífellt undir vernd hans. Illir andar geta aðeins gert siðferðilegum jafningjum sínum illt og þó aðeins

innan vissra takmarka. Þeir geta að vísu hrjáð hina réttlátu, en aðeins með leyfi Guðs. Hann gefur stundum Satan og árum hans leyfi til að freista og hrjá Guðs fólk, til þess að það að yfirunnum freistingum og raunum styrkist og betrist. Þannig leyfði Guð Satan að ofsækja Job. En slík reynsla er jafnan trúuðum manni ávinningur“.

Enn bætti einn af hinum heilögu við: „Margur maður, sem ekki hefur helgað líf sitt Guði, virðist tapa meðvitund rétt áður en hann deyr. Svo er þó ekki, heldur verða þeir sem steini lostnir og höggdofa af ótta, þegar þeir sjá sig umkringda af djöfullegum og hræðilegum svipum illra anda. Á hinn veginn er dauði trúaðra manna algjörlega gagnstæður. Trúuðum manni er dauðastundin oft sælustund hin mesta, því þá sér hann engla og anda hinna heilögu komna til að bjóða hann velkominn, og fylgja honum yfir um. Þá er og oft látnum ættingjum og ástvinum leyft að koma til að taka á móti honum. Þegar hann kemur yfir í andaheiminn finnst honum strax hann eiga þar heima, bæði vegna þess, að þar hittir hann vini sína og eins vegna hins, að hann í lifanda lífi hefur með trausti sínu á Guði og andlegri umgengni við hann búið sig undir komuna þangað og vænst hennar“.

Þá sagði hinn fjórði hinna heilögu: „Það er starf englanna að flytja sálir manna hédan af jörð. Venjulega opinberar Kristur sig hverri sál í andlega heiminum, í þeirri dýrð sem stendur í hlutfalli við andlegan þroska hennar. En stundum kemur hann sjálfur að dánarbeiðnum til þess að fagna þjónum sínum og þerra tár þeirra í kærleika sínum þegar hann leiðir þá til Paradísar.

Eins og barnið sem fæðist í þennan heim finnur allt undirbúið undir komu þess, eins finnur sálin við komu sína til andlega heimsins allt undirbúið til þess að fullnægja þörfum hennar“.

III

Andaheimurinn

Eitt sinn þegar við töluðum saman gáfu hinir heilögu mér eftirfarandi upplýsingar: „Allar mannsálir fara eftir dauðann inn í andaheiminn og þar dvelja þær, ýmist í myrkri eða dýrðarljóma ásamt öðrum öndum, sem eru á sama þroskastigi og þær. Við vitum með vissu að enginn hefur komið yfir í andaheiminn í efnislíkamanum nema Kristur og nokkrir helgir menn, en þá hafa líkamar þeirra umbreytst í dýrðarlíkama. Þó hefur einstöku mönnum veist sú náð að fá að sjá andaheiminn, meðan þeir dvöldu hér á jörðu, og jafnvel sjálft himnaríki, eins og sagt er frá í 2. Korintubr. 12,2, þó þeir geti ekki sjálfir sagt hvort það var í líkamanum eða ekki“.

Eftir þessa samræðu fóru hinir heilögu með mér og sýndu mér marga undarlega hluti og staði. Ég sá hvernig þúsundir á þúsundir ofan komu til andaheimsins úr öllum áttum og var öllum fylgt af öndum. Sálum hinna grandvöru var fylgt af englum og góðum öndum, sem komu með þá frá dánarbeðnum. Illir andar fá ekki að koma nálægt þeim, en stóðu á lengdar og gáfu þeim gætur. Ég sá líka að engir góðir andar voru með vondum sálum, en með þeim voru illir andar, sem komu með þeim frá dánarbeðnum. En þar voru líka englar nálægt til þess að sporna við að illu andarnir fengju lausan taum á illsku sinni og ofsæktu sálinnar og þjáðu. Illu andarnir leiddu þessar sálir svo að segja strax út í myrkrið. Því meðan þær lifðu í holdinu höfðu þær sífellt gefið illum öndum færi á að hafa áhrif á sig og af fúsum vilja látið nota sig til alls konar illverka. (Englarnir hindra aldrei neinn í að fara eftir eigin vilja). Auk þess sá ég margar sálir sem fyrir skömmu voru komnar yfir í andaheiminn og voru í fylgd með bæði illum og góðum öndum, auk englanna. En það leið ekki á löngu áður en hið rétta eðli þeirra kom í ljós og þeir voru skildir að og fór hver til síns heima, góðir til góðra anda og vondir til vondra anda.

Synir ljóssins

Þegar sálinnar koma í andaheiminn aðskiljast hinir góðu strax frá hinum vondu. Hér í heimi eru illir og góðir saman, en þar er það ekki svo. Ég hef oft séð að þegar andar hinna réttlátu — synir ljóssins — koma þangað, baða þær sig í tárhreinu og krystaltæru vatni og við það fá þær kraft og endurnæringu. Þær hreyfa sig í þessu undursamlega vatni eins og í hreinu og heilnæmu lofti, geta ekki druknað í því og blotna ekki, en fara þaðan hreinsaðar og endurnærðar inn í ríki ljóssins og dýrðarinnar og þar dvelja þær að eilífu í samfélagi við Drottin og fjölda hinna heilögu og engla.

Synir myrkursins

Það er mikill munur á þessum sem ég hef lýst og þeim, sem illa hafa lifað. Þeim líður illa í nálægð við börn ljóssins og þeim er kvöl að dýrðarljósinu sem opinberar alla hluti. Þess vegna reyna þeir að hylja sig á stöðum þar sem synd þeirra og saurugleiki sést ekki. Frá dýpstu og myrkustu svæðum andaheimsins stígur dökkur daunillur reykur, og þangað steypa þeir sér til að fá afdrep og þaðan heyrast sífelld neyðaróp af samviskukvölum þeirra og angist. En himininn er þannig gerður, að reykurinn sést ekki og ópin heyrast ekki til andanna á himnum, nema þeir af sérstökum ástæðum óski þess og vilji sjá hið óskaplega ástand þessara sálna í myrkrinu.

Viðskilnaður barns

Lítið barn hafði dáði úr lungnabólgu og englar komu til þess að leiðbeina sálinni til andaheimsins. Ég vildi óska að móðir barnsins hefði séð þá yndislegu sjón, þá er ég viss um að í staðinn fyrir að gráta hefði hún sungið af gleði, því englarnir meðhöndla barnssálinnar með svo mikilli umhyggju og kærleika, að engin móðir gæti gert eins.

Ég heyrði þá einn af englunum segja við annan: „Sjáðu hvað móðir barnsins grætur yfir þessum stutta skilnaði. Eftir nokkur ár verður hún aftur hamingjusöm með barni sínu“. Svo fóru englarnir með þessa litlu barnssál til hins fagra og ljósfyllta hluta himinsins, sem sérstaklega er ætlaður barnssálum, og þar fóstra þeir þær og kenna þeim himnesk vísindi, þangað til þær með tímanum verða líkar englunum.

Nokkru síðar dó móðir barnsins og barnið sem nú líktist engli, kom ásamt fleiri englum til að fagna henni. Þegar hann sagði við hana: „Mamma þekkirðu mig ekki? Ég er Theodór sonur þinn“, fylltist móðurhjartað gleði, og þegar þau föðmuðu hvort anna féllu tár þeirra eins og blómaregn. Það var dýrðleg sjón. Meðan þau gengu saman og hann var hjá henni þann tíma sem ákveðið var, að hún skyldi dvelja á millibilssviðinu. Þegar sá tími var liðinn, sem hún þurfti að dvelja í þeim hluta andaheimsins, tók hann hana með sér upp á æðri svið, þar sem hann átti sjálfur heima.

Umhverfið þar var allt dásamlegra en orð fá lýst, og þangað voru komnar sálir óteljandi manna, er þolað höfðu alls konar þrautir vegna Jesú Krists. Þær höfðu að jarðlífi loknu, hlotið þennan dýrðlega dvalarstað að launum. Tignarprýði fagurra fjalla blasti við á allar hliðar. Glitrandi lækir og svalar lindir prýddu fagurt landslag. Í gördunum voru alls konar gómsætir ávextir og fögur blóm. Allt sem hreint hjarta þráði var hér að finna.

Þá sagði hann við móður sína: „Hinn jarðneski heimur er aðeins dauft endurskin af þessari sönnu tilveru. Þeir sem voru okkur kærir syrgja vegna okkar, en segðu mér, er þetta dauði eða hið raunverulega líf sem sérhvert hjarta þráir?“ Móðirin sagði: „Sonur, þetta er hið sanna líf. Ef ég hefði þekkt sannleikann um eilífa lífið meðan ég dvaldi á jörðu, mundi ég aldrei hafa grátið dauða þinn. Það er sorglegt að þeir sem lifa í heiminum séu svona blindir!“ Þrátt fyrir það að Kristur hafi berlega sagt okkur frá þessari dýrðlegu tilveru og Guðspjöllin hvað eftir annað tali um hið eilífa ríki föðurins, þá eru það ekki aðeins hinir fáfróðu, heldur jafnvel margir upplýstir trúmenn sem eru algjörlega ókunnugir dýrð þess. Mætti Guð gefa að allir fengu að koma hingað og njóta gleðinnar hér“.

Viðskilnaður heimspekings

Sál þýsks heimspekings kom yfir í andaheiminn. Í fjarska sá hann strax hina óumræðilegu dýrð andaheimsins og gleði þá sem ríkti þar meðal íbúanna. Hann varð stórlega glaður við, en tilhneiging hans til að skilja allt gerði honum ókleift að komast inn í dýrðina og njóta hennar. Í stað þess að viðurkenna að þetta væri veruleiki, fór hann að deila við sjálfan sig: „Það er enginn vafi á því, að ég sé þetta allt saman, en hvaða sannanir hef ég fyrir að þetta sé veruleiki en ekki tálmyndir minnar eigin ímyndunar? Ég verð að reyna þetta allt og prófa það frá rótum eftir lögmálum rökfræðinnar, heimspekinnar og vísindanna. Þá fyrst get ég dæmt um að þetta sé ekki allt ímyndun“.

Þá sögðu englarnir við hann: „Það er auðheyrt að allt þitt heimspekilega grúfl er búið að skaðskemma eðli þitt. Eins og aðeins andleg augu en ekki líkamleg geta séð andlegu tilveruna, eins þarf andlegt skyn til að skilja veruleika hennar. Hér gagnar ekkert að beita lögmálum rökfræðinnar eða heimspekinnar. Vísindi þín, sem aðeins snerta efnisheiminn, skildir þú eftir á jörðu með þínum jarðneska heila. Hið eina sem hjálpar þér hér, er andleg viska, sem er ávöxtur guðsótta og kærleika“.

Þá sagði einn af englunum við annan: „En hvað það er bággt að mennirnir skuli gleyma þessum dýrmætu orðum Frelsarans: *Nema þér snúið við og verðið eins og börn, komist þér aldrei í himnaríki*“ (Matt. 18,3).

Ég spurði einn af englunum hvernig fara mundi um þennan mann, og hann svaraði: „Ef þessi maður hefði lifað illa, hefði hann strax samlagast illu öndunum í myrkrinu, en hann er ekki gjörksneyddur siðferðistilfinningu. Hann verður um lengri tíma að ráfa um í rökkri á lægri svæðum andaheimsins og reka sig á fávísku hins heimspekilega hugarfars þar til hann verður þreyttur á villu síns vegar og iðrast. Þá mun hann verða fús á að taka fræðslu hjá þeim englum, sem það starf hafa með höndum, og þegar þeirri fræðslu er lokið mun hann verða hæfur til að komast upp á hærri sviðin, þar sem ljósið frá Guði er bjartara“.

Millisviðin

Það má orða það svo, að allur hinn óendanlegi alheimur sem jörðin er í sé fylltur af nærveru Guðs, sem er andi og í þeim skilningi andlegur heimur. Sömuleiðis er jörðin einnig andlegur heimur, því íbúar hennar eru andar klæddir líkama af holdi. En það er líka til andlegur heimur, sem er bráðabirgðabústaður sálnanna eftir að þær hafa skilið við líkama sinn. Þar eru millisvið milli ljóss og dýrðar hinna hæstu himna og rökkurs eða myrkurs hinna lægstu helvíta. Í þessu millibili eru óteljandi svið og hver sál fer á það svið sem líf hennar í heiminum hefur gert hana hæfa fyrir. Þar er sálin frædd af englum, um lengri eða skemmri tíma, og heldur síðan herra upp til samfélags við góða anda í meira ljósi, — eða niður til illra anda í myrkrinu, — allt eftir skapferli, eðli og þroska sálarinnar.

IV

Hjálpin sem mönnum veitist hér og síðar

Ósýnileg hjálp

Látnir ættingjar og ástvinir og stundum hinir heilögu, koma oft til okkar frá ósýnilegum heimi til þess að hjálpa okkur og vernda. En englarnir eru alltaf með okkur. Hinir andlegu gestir fá þó ekki leyfi til þess að birtast okkur, nema örsjaldan, þegar sérstök þörf krefur. Þeir hafa áhrif á okkur til þess að helga hugsanir okkar og blása okkur í brjóst löngun til þess að

þjóna Guði og gera það sem gott er. Þetta gera þeir eftir leiðum sem við hvorki þekkjum eða sjáum, en andi Guðs í okkar eigin hjarta lýkur því verki sem þeir hafa ekki náð að framkvæma — að fullkomna okkar andlega líf.

Hver er mestur?

Enginn verður mikill af þekkingu sinni eða þeirri lífsstöðu, sem hann þjónar. Hvorki þekking né staða í lífinu skapar manninn. Manngildið á að metast eftir því hvað maðurinn getur orðið öðrum til hjálpar og það gagn sem líf hans veitir öðrum. Líf mannsins verður metið eftir því hvernig hann liðsinnir öðrum. Þess vegna er mikilleiki mannsins metinn eftir því, að hve miklu leyti hann fær þjónað öðrum, eins og Drottinn sagði: „*Sá er vill verða mikill yðar á meðal, hann skal vera þjónn yðar*“ (Matt. 20,26). Gleði himinbúa er fólgin í því að þjóna öðrum í kærleika, og með því að uppfylla þannig takmark lífs síns, lifa þeir í eilífu sambandi við Guð.

Leiðbeining frá villu

Þegar maðurinn af öllu hjarta óskar að lifa Guði þóknanlegu lífi, byrjar aðlögunarferli sem endurnýjar viðhorf hans og lífsmáta í þessum heimi. Þeir eru ekki aðeins leiddir af anda Guðs, heldur er þeim einnig hjálpað í djúpi hjartans og sálarinnar gegnum samfélag heilagra, þannig að hinir heilögu eru þeim alltaf nálægir til þess, — þó þeir sjái þá ekki, — að hjálpa þeim áleiðis til betrunar.

Margir trúaðir kristnir menn deyja þó í ýmsum misskilningi, með ranga eða skekktu opinberun á sannleikanum, engu að síður en margur ókristinn sannleiksleitandi. Slíkar skoðanir eru leiðréttar í andaheiminum. Þó verður vitanlega að gera ráð fyrir að slíkir menn haldi ekki með sauðþráa við skoðanir sínar, en séu viljugir að taka fræðslu, því hvorki hér eða annars heims er nokkur maður neyddur til trúar. Viljinn er alltaf frjáls.

Kristur birtist

Ég sá í sýn einni skurðgoðadýrkanda, sem strax fór að spyrja eftir þeim Guði, sem hann hafði tilbeðið á jörðu, þegar hann kom til andaheimsins. Hinir heilögu svöruðu honum: „Hér er enginn annar Guð en hinn eini sanni Guð, og sá sem hefur opinberað hann, Jesús Kristur“. Maðurinn varð mjög undrandi yfir þessu, en af því hann var hreinskilinn leitandi sannleikans, gekkst hann strax við, að hann mundi hafa haft rangt fyrir sér. Hann leitaðist ákafur við að læra hið rétta og spurði hvort hann gæti fengið að sjá Krist.

Skömmu síðar birtist Kristur honum og nokkrum öðrum, sem nýkomnir voru til andaheimsins. Birtist hann í dauðu ljósi, því á því þroskastigi sem þeir voru, hefðu þeir ekki þolað fulla opinberun dýrðar hans, því hún er svo gagntakandi, að jafnvel englarnir eiga bágð með að horfa á hann og hylja ásjónur sínar með vængjunum (Jesaja 6,2).

Þegar Kristur birtist sálunum, tekur hann tillit til þess þroskastigs sem þær eru á. Hann birtis í daufari eða skærari dýrðarljóma eftir því sem sálirnar þola.

Þegar þessar sálir sáu Krist í hinu daufa en laðandi ljósi, fylltust þær þeim friði og gleði, sem ekki verður lýst. Baðaðar í geislum hins lífgefandi ljóss og þeim öldum kærleikans sem sífellt streymdu frá honum yfir þær, lauguðust þær hreinar af allri villu. Af allri sálu sinni viðurkenndu þær hann sem sannleikann og beygðu sig í lotningu fyrir honum með þakklæti og lofgjörð. Og hinir heilögu sem höfðu frætt þær og leiðbeint þeim, glöddust vegna þeirra.

Maður erfiðis og maður efasemda

Í einni sýninni sá ég erfiðismann koma til andaheimsins. Honum leið afar illa, því í jarðlífi sínu hafði hann aldrei hugsað um annað en að hafa í sig og á. Hann hafði alltaf verið of önnum kafinn til þess að hugsa um Guð og andleg efni. Samtímis honum hafði dáðið annar maður, sem var mjög þrálátur efasemdamaður. Báðum þessum sálum var skipað til vistar á myrkum stað neðarlega í andaheiminum. Brátt fóru þeir í neyð sinni að hrópa á hjálp þaðan. Nokkrir englar og nokkrir af hinum heilögu fylltust þá meðaumkun og kærleika og fóru til þeirra til þess að fræða þá um hvað þeir þyrftu að skilja, svo þeir kæmst inn í ríki ljóssins og dýrðarinnar. En þrátt fyrir bágindi sín kusu þeir heldur að dvelja áfram þar sem þeir voru í myrkrinu, því syndin var búin að skaðskemma svo eðli þeirra, eins og margra annarra, að þeir tortryggðu allt og jafnvel sjálfa engla Guðs. Meðan ég var að horfa á þá, datt mér í hug að spyrja hvernig fyrir þeim mundi fara að lokum og þegar ég spurði að því svaraði einn af hinum heilögu: „Við skulum fela þá náð Guðs“.

Hættulegt sálarástand

Eitt algengt dæmi sýnir vel hvað gjörspillt eðli mannsins getur orðið. Ef borinn er út óhróður um einhvern, þá er þeim óhróðri strax trúað af þeim sem sjálfir eru siðferðilega vanheilir, enda þótt óhróðurinn sé tóm lygi. Ef aftur á móti eitthvað gott er borið út um einhvern, svo sem t.d. að sagt er: „Þessi eða þessi er góður drengur og gegn og vinnur fyrir Guð og náungann“, þá eru strax ýmsir misindismenn sem segja: „Þetta er allt lygi. Hann gerir þetta með einhvern hag fyrir augum“. Ef við nú spyrjum hvernig misindismaðurinn viti að fyrra dæmið sé sannleikur en hitt lygi, þá getur hann ekki komið með neinar sannanir. En slíkt sálarástand sýnir, að sá sem trúir því illa og gerir það af því að það er skyldast hans eigin sálarlífi og í samræmi við það, en hann trúir ekki því góða af því að það snertir hvergi skylda strengi í sál hans. Eðli góðs manns er þessu alveg gagnstætt. Honum er eiginlegt að efast um hið illa en trúa því góða, af því það fellur best við hans eigin hugsanir og sálarlíf.

Þeir, sem hér á jörðu lifa í andstöðu við vilja Guðs, finna engan frið í sálu sinni, hvorki hér né annars heims. Þegar þeir koma til andaheimsins verða þeir ruglaðir og hræddir. En þeir sem lifa hér í samræmi við vilja Guðs, finna strax fyrir öryggi og friði þegar þeir koma til annars heims, því þar er eilífðarheimkynni þeirra og ríki föður þeirra.

V

Hlutskipti iðrunarlausra manna

Margir menn telja sér trú um, að ef synd er drýgð í leyndum, muni enginn fá að vita um það. En það er algjörlega ómögulegt að nokkur synd geti orðið dulin um alla eilífð. Fyrir eða síðar kemur hún fram í dagsljósið og þá fær syndarinn sína refsingu. Gæska og sannleikur verða heldur ekki dulin. Um tíma getur sannleikurinn verið undirokaður, en hann sigrar alltaf að lokum. Eftirfarandi atvik skýra þetta.

Þjófurinn

Einn af hinum heilögu sagði mér svohljóðandi sögu í einni sýninni: Einu sinni þurfti góður maður að fara langa leið að næturlagi, vegna mjög nauðsynlegs erindis. Á leiðinni rakst hann á þjóf, sem var að brjótast inn í búð, og sagði við hann: „Þú mátt ekki taka annars manns eign og gera honum skaða. Slíkt er mikil synd“. Þá sagði þjófurinn: „Þér er nú ráðlegast að hafa þig héðan burtu, ef þú vilt ekki hafa verra af“. Maðurinn hélt áfram að reyna að tala um fyrir þjófinum, en þegar hann vildi ekki láta segjast, fór vandaði maðurinn að hrópa og kalla til þess að vekja nágrannana. Þegar þeir komu og hann fór að segja eftir þjófinum, sneri þjófurinn við blaðinu og ákærði manninn og sagði: „Þið haldið að þetta sé mesti ráðvendnismaður og guðhræddur, en ég stóð hann hér að þjófnaðinum“.

Af því engin vitni voru við, voru báðir teknir fastir og settir í sama fangaklefa. En lögreglustjórinn og nokkrir þjónar hans földu sig þar til þess að hlusta á samtal þeirra. Þá heyrðu þeir að þjófurinn hældist um og hló að samfanga sínum og sagði: „Þarna sérðu nú hvernig ég veiddi þig. Ég sagði þér að hafa þig í burtu, annars skyldir þú hafa verra af. Nú geturðu séð hvað guðhræðslan hjálpar þér“. Þegar lögreglustjórinn heyrði þetta, opnaði hann hurðina og sleppti vandaða manninum með heiðri og launum, en þjófurinn fékk sína refsingu.

Jafnvel í þessum heimi er dæmt milli hins góða og illa, en fullkomin refsing eða laun koma fyrst í öðrum heimi.

Leyndar syndir

Eftirfarandi atviki var mér einnig skýrt frá í sýn. Maður einn framdi svívirðilegt verk í heimahúsum og hélt að það væri öllum hulið og enginn vissi. Einn af hinum heilögu sagði þá: „En hvað ég vildi óska að andleg augu þessa manns hefðu verið opin, þá hefði hann aldrei dirfst að breyta þannig“. Því að við þetta tækifæri höfðu margir englar og heilagir verið viðstaddir, auk anda ættingja og ástvina, sem komið höfðu til þess að reyna að hjálpa honum. Þeir urðu allir hryggir yfir hinum svívirðilegu aðförum hans, og einn af þeim sagði: „Við komum til að hjálpa honum, en nú verðum við að vitna gegn honum á degi dómsins.“

Hann gat ekki séð okkur, en við sáum hann öll láta undan ástríðunni. Mætti hann iðrast og frelsast frá refsingunni!“

Glötuð tækifæri

Einu sinni sá ég anda, sem í andaheiminum hljóp um allt með ópum og sjálfsásökunum, og hagaði sér eins og vitskertur maður. Engill sagði þá við mig: „Á jörðinni fékk þessi maður mörg tækifæri til þess að iðrast og snúa sér til Guðs, en alltaf þegar samviskan fór að ónáða hann, kæfði hann rödd hennar með drykkjuskap. Hann eyddi öllum eigum sínum, kom fjölskyldu sinni á vonarvöl og framdi að lokum sjálfsmorð. Nú æðir hann um andaheiminn eins og villidýr og kvelst ofsalega af samviskubiti yfir öllum þeim góðu tækifærum sem hann lét fram hjá sér fara. Við erum fúsir til að hjálpa honum, en hann getur ekki iðrast, því hið fyrra synduga líf hans er búið að forherða hann, enda þótt endurminningarnar um syndir hans lifi í sálu hans. Á jörðinni drakk hann til að deyfa rödd samviskunnar, en hér er ekki hægt að hylja neitt. Nú er sál hans svo nakin, að bæði hann og aðrir geta séð hvernig líf hans var. Honum og hans líkum er enginn annar vegur fær en að hylja sig niðri í myrkrinu, til þess á þann hátt að forðast þær kvalir sem ljósið frá Guði veldur þeim“.

Spilling hræðist ljósið

Maður nokkur, sem á jörðinni hafði lifað mjög óguðlegu lífi, kom að mér viðstöddum til andaheimsins. Þegar englar og góðir andar komu til þess að hjálpa honum, fór hann strax að formæla þeim og hæða þá og sagði: „Guð er algerlega ranglátur. Hann hefur gert himininn handa skríðandi þrælum eins og ykkur, en öðrum mönnum kastar hann í helvíti. Þó segið þið, að hann sé kærleikur“. Englarnir svöruðu: „Sannarlega er Guð kærleikur. Hann skapaði manninn til þess hann lifði í eilífu samfélagi við hann, en með eigin mótspyrnu og rangri notkun hins frjálsa vilja, hafa mennirnir snúið ásjónum sínum frá honum og skapað sér sjálfum helvíti. Guð hefur aldrei kastað neinum í helvíti og mun ekki gera það. Það er maðurinn sjálfur sem skapar sér helvíti með því að ánetja sig syndinni. Guð hefur aldrei skapað neitt fyrir helvíti“.

Rétt í þessu heyrðist hin yndislega rödd eins af æðstu englunum segja: „Guð leyfir að þessi sál megi koma upp í himininn“. Maðurinn hljóp óðfús áfram og tveir englar fylgdu honum, en þegar þeir komu að hliðum himinsins og sáu hinn heilaga og ljósfyllta stað og hinar dýrðlegu og sælu verur sem þar búa, fór maðurinn að verða óróf. Þá sögðu englarnir við hann: „Sjáðu hvað þetta er fagur heimur! Haltu áfram og sjáðu hinn blessaða Drottinn í hásetinu“.

Þar sem maðurinn stóð við hliðið sá hann inn í ríki dýrðarinnar, en þegar ljósið frá sól réttlætisins opinberaði allt hans synduga líf og óhreinkeik, fylltist hann viðbjóði á sjálfum sér og flýði burt með þeim hraða, að hann nam ekki einu sinni staðar í andaheiminum. Hann féll í gegnum hann eins og steinn og hentist niður í botnlausu dikið.

Þá heyrðist hin milda og gagntakandi rödd Drottins: „Sjá, kæru börn mín, engum er meinað að koma hingað. Enginn bannaði þessum manni að koma hingað eða rak hann burt héðan. Það var hans eigið synduga líf, sem neyddi hann burt frá þessum helga stað, því enginn getur séð Guðsríki nema hann endurfæðist“. (Jóh. 3,3).

Sál morðingjans

Maður nokkur, sem fyrir nokkrum árum hafði myrt kristinn predikara, varð fyrir höggormsbiti og dó. Þegar hann kom inn í andaheiminn, sá hann að hann var umkringdur af illum og góðum andaverum. Af því að allt útlit hans bar vott um að hann var stórsyndari, náðu illu andarnir brátt valdi á honum og drógu hann með sér niður í myrkrið. Þá sagði einn af hinum heilögu: „Þessi maður drap einn af þjónum Drottins með eitri reiðinnar, nú var hann sjálfur drepinn með eitri höggormsins. Hinn gamli höggormur, djöfullinn, hefur með hjálp þessa manns drepið saklausan mann. Nú hefur djöfullinn með hjálp annars höggorms, drepið þennan mann, því „hann var manndrápari frá upphafi“. (Jóh. 8,44).

Meðan verið var að fara með sálu morðingjans í burtu, kom einn af góðu öndunum, sem óskaði að hjálpa honum, og sagði við hann: „Ég hef fyrirgefið þér af heilum hug. Get ég nú ekkert gert til þess að hjálpa þér?“ Morðinginn þekkti strax, að það var maðurinn, sem hann hafði myrt nokkrum árum áður, og féll fram fyrir hann, fullur blygðunar og skelfingar. Illu andarnir tóku þá strax að gera hávaða, en englarnir sem stóðu á lengdar, hræddu þá til að þegja. Þá sagði morðinginn við þann, sem hann hafði myrt: „Ég vildi óska þess að ég hefði séð hvað þú varst fullur kærleika og ósérplægni, eins og ég sé nú. Það hryggir mig, að blindni mín og sú hula, sem jarðneski líkaminn lagði yfir þig, skyldi verða þess valdandi, að ég sá ekki hina leyndu fegurð lífs þíns. Með því að myrða þig, rændi ég líka marga aðra þeirri blessun og gagni, sem líf þitt hefði orðið þeim. Nú verð ég að eilífu syndari fyrir Guði og ég á sannarlega refsinguna skilið. Ég veit ekki hvað ég get gert annað en að fela mig í myrkrinu, því ég kvelst í þessu ljósi. Í ljósinu þjáist ekki aðeins mín eigin sál, en allir aðrir geta líka séð hvert smáatvik í mínu synduga lífi“.

Þá svaraði sál myrta mannsins: „Þú ættir heldur að iðrast af öllum huga og snúa þér til Guðs, því ef þú gerir það, þá er von um að Guðslambið þvoi þig hreinan í blóði sínu og gefi þér nýtt líf, svo þú getir lifað með okkur á himnum og frelsast frá kvölum helvítis“.

Morðinginn sagði þá: „Því skyldi ég játa syndir mínar? Þær eru hvort sem er öllum augljósar. Ég gat dulið þær á jörðu, en hér ekki. Ég vildi gjarnan lifa með hinum heilögu eins og þér á himni, en hvernig á ég að þola við, þar sem ljósið skín í allri dýrð og ljóma, þegar ég kvelst hér í þessum tiltölulega daufa bjarma frá ljósinu, sem opinberar sjálfan mann hér í andaheiminum? Stærsta hindrunin fyrir mig er að samviska mín er orðin svo forhert og tilfinningarlaus, að sál mín getur ekki beygt sig fyrir Guði eða iðrast. Það er enginn þróttur eftir í mér til þess að geta iðrast. Ég verð að útilokast héðan að eilífu, annað er ekki hægt. Vei

mér!“ Eftir að hafa sagt þetta, féll hann niður, lamaður af skelfingu, og félagar hans, illu andarnir, drógu hann niður í myrkrið.

Þá sagði einn af englunum: „Sjá, hér þarf ekki að kveða upp neinn dóm. Líf syndarans sjálfs dæmir hann sekan. Vitni þarf hér ekki. Að nokkru leyti byrjar hegningin þegar á jörðu, í hjarta syndarans, en það er fyrst hérna megin að þeir finna að fullu fyrir áhrifum hennar. Guð hefur komið því svo fyrir hér, að sauðir og hafrar, eða réttlátir og syndarar, aðskilja sig sjálfir. Guð skapaði manninn til þess að lifa í ljósinu, því ljósi sem andleg heilbrigði og gleði getur aðeins þrífist í. Þess vegna getur enginn maður orðið sæll í ljósinu, meðan syndin hefur vald á honum. Þess vegna er syndarinn alltaf í helvíti, hvert sem hann snýr sér. En hinn réttláti, sem er frelsaður frá syndinni er alls staðar í himnaríki, hvar sem hann er“.

Sál lygara

Maður nokkur var orðinn svo lygin meðan hann dvaldi hér á jörðu, að lygin var orðin hans annað eðli.

Þegar sálin skilur við líkamann, ber hún með sér öll merki syndarinnar, og þegar hún stendur á himni í nekt sinni, geta allir séð syndir hennar. Þar vitna þær gegn henni. Merki syndarinnar getur ekkert hreinsað burt, nema blóð Krists.

Meðan þessi maður lifði á jörðu, reyndi hann alltaf að gera rétt að röngu og lygi að sannleika. En eftir dauðann komst hann að raun um, að það hefur aldrei verið, og verður aldrei nokkur leið að gera sannleik að lygi. Lygarinn svíkur alltaf sjálfan sig, svo þessi maður hafði ekki náð öðru með lygum sínum en að drepa þá sannleikskennnd í sálu sinni, sem hann hafði áður átt. Ég athugaði hann, þegar hann flæktur í sínum eigin svikum, snéri ásjónu sinni burt frá ljósinu og flýtti sér út í myrkrið, þar sem engir sjá lygar hans, nema andar þeir sem eru á sama siðferðisstigi og hann sjálfur. Því Sannleikur er ávallt Sannleikur og hann einn sakfelldi þessa sál sem lygara.

Sál hórkarlsins

Ég sá líka hórkarl skömmu eftir að hann kom til andaheimsins. Tungan lafði út úr munnni hans eins og á manni dauðvona af þorsta. Nasir hans voru útþandar og hann barðist um með handleggjunum eins og hann kveldist af logandi eldi innra með sér. Útlit hans var svo viðbjóðslegt, að mér var andstyggð að horfa á hann. Allt það, sem sællífi og nautnir geta veitt, hafði hann orðið að skilja eftir hér í heimi, og hann hljóp um eins og vitfirringur og hrópaði: „Bölvað sé þetta líf. Hér er enginn dauði sem getur gert enda á því. Sálin getur ekki dáíð, annars fremdi ég aftur sjálfsmorð eins og á jörðu, til þess að komast hjá vandræðunum þar. En þessar kvalir eru langtum verri. Hvað á ég að gera?“ Meðan hann talaði þannig, flýtti hann sér út í myrkrið, þar sem margir hans líkar voru. Þar hvarf hann.

Þá sagði einn af hinum heilögu: „Það eru ekki aðeins ill verk sem eru synd, heldur eru líka illar hugsanir og illt tillit synd. Sjötta boðorðið er ekki aðeins bann við samræði við óviðkomandi konur, heldur er líka holdlegt óhóf og dýrslegt líf með eiginkonu sinni brot gegn því. Maður og kona eru eitt, til að þau styðji og hjálpi hvort öðru og lifi með börnum sínum ætt sinni til gagns og Guði til dýrðar, en ekki til að svala fýsnum sínum. Sá sem vikur frá þessu lögmáli lífsins, drýgir mikla synd“.

Sál ræningjans

Ræningi einn dó og kom yfir í andaheiminn. Fyrst í stað lét hann sig engu skipta hvar hann var, eða hvernig honum leið og skipti sér ekkert af öndum þeim sem voru í nánd við hann. En bráðlega fór hann að láta að fyrri venju sinni og ásælast það sem hann komst yfir og nokkurs var vert. En hann undraðist mjög, þegar sjálfir hlutirnir, sem hann stal og rændi, virtust tala og ákæra hann fyrir verk hans. Hann var svo illa að sér, að hann vissi hvorki til hvers átti að nota þessa hluti eða gat notað þá til neins. Á jörðinni höfðu ástríður hans verið svo ótamdar, að hann drap menn og meiddi fyrir minnstu sakir eða ef þeir móðguðu hann á nokkurn hátt. Nú tók hann að hegða sér eins. Öndum þeim, sem komu til að hjálpa honum, tók hann eins og hann ætlaði að rífa þá í tætlur. Þá sagði einn af englum: „Ef öndum eins og þessum væri ekki haldið niðri í myrkrum neðstu undirdjúpanna, gætu þeir gert afar mikið illt, hvar sem þeir kæmu. Samviska þessa manns er svo algerlega dauð, að honum er ómögulegt að sjá, að með morðum sínum og þjófnaði á jörðu hefur hann eytt sínum andlega auði og eyðilaggt hæfileika sína til andlegs lífs. Hann drap og eyddi öðrum, en með því var hann í raun og veru að drepa sjálfan sig. Guð einn veit, hvort þessi maður og hans líkar verða vistaðir í kvalastaðnum um aldir eða að eilífu“.

Eftir þetta tóku englar, sem hafa það starf, mann þennan og lokuðu hann niðri í myrkrinu og þaðan kemst hann ekki út. Ástand þeirra sálna sem þar búa, er svo skelfilega hryllilegt og kvalir þeirra svo ógurlegar, að þeim sem sjá það, hlýtur að ofbjóða.

Með þeim takmörkunum, sem okkar jarðneska tungumál setur okkur, get ég aðeins sagt, að hvar sem syndarinn er, lifir hann á allan hátt í kvölum sem aldrei linnir nokkra stund. Logi nokkurs konar ljóslausss elds leikur um þessar sálir og þjáir þær. Þó brenna þær ekki eða eyðast, og eldurinn deyr ekki.

Einn af öndunum, sem hafði séð þetta atvik, sagði þá: „Hver veit þó, nema eftir allt saman sé þetta nokkurs konar hreinsunareldur“.

Helvíti

Í þeim hluta andaheimsins, sem kallast helvíti, eru mörg svið, eftir fjölda og tegund þeirra synda, sem sálirnar hafa drýgt. Það er sannleikur, að Guð skapaði allar sálir í sinni mynd, en með því er átt við mynd sonar hans, því sonurinn er ímynd hins ósýnilega Guðs. (1. Mósebók 1,26-27; Kólossubr. 1,15). Með syndum sínum hefur maðurinn afskræmt Guðs-

myndina og gert hana ófagra og illa. Hinar vondu sálir hafa einnig nokkurs konar andlegan líkama, en hann er ljótur og ægilegur og ef þeir endurfæðast ekki í sannri iðrun fyrir Guðs náð, verða þeir að eilífu í þessari viðbjóðslegu mynd og kvölum.

VI

Hlutskipti réttlátra

Ríki Guðs eða himnaríki byrjar strax í hinu jarðneska lífi hjá öllum sanntrúuðum mönnum. Hjörtu þeirra eru alltaf full friðar og gleði, hvaða þjáningum eða ofsóknum sem þeir sæta, því Guð sem sjálfur er uppspretta friðarins og gleðinnar, hefur tekið sér bústað hjá þeim. Fyrir þá er dauðinn ekki dauði, heldur dyrnar sem opnast þeim til heimkynna eilífðarinnar. Við getum líka sagt, að þó þeir á jörðu séu komnir í ríki Guðs, með endurfæðingunni, þá er dagur sá, sem þeir yfirgefa líkamann, ekki dauðadagur, heldur fæðingardagur þeirra inn í hina andlegu tilveru. Þess vegna er dauðastundin þeim sérstök gleðistund, eins og eftirfarandi atvik sýna.

Viðskilnaður sannkristins manns

Engill einn sagði mér frá því, að trúaður kristinn maður lægi á banabeði. Maður þessi hafði af heilum hug þjónað Guði og Frelsarannum í 30 ár. Nokkrum mínútum fyrir dauða hans opnaði Guð augu hans, svo hann meðan hann var ennþá í líkamanum, gæti séð inn í andaheiminn og sagt þeim sem viðstaddir voru, hvað hann sæi. Hann sá himininn opinn og fjölda engla og heilaga menn koma til að taka á móti sér. Við hlið himinsins sá hann Frelsarann standa og breiða faðminn móti sér. Við þessa sjón hóf hann upp fagnaðaróp, svo að þeir, sem viðstaddir voru, hrukku við. „Hvílík gleðistund“, hrópaði hann, „lengi hef ég beðið þess að sjá Drottinn minn og koma til hans. Sjáið þið vinir, hve ásjóna hans ljómar af kærleika og englafjöldann, sem er með honum. Hvað himininn er dýrðlegur. Nú fer ég heim, vinir mínir. Grátið ekki, heldur gleðjist yfir því, að ég skil við ykkur“.

Viðstaddur maður mælti þá, að hann mundi vera með óráði, en þegar hinn deyjandi maður heyrði það, sagði hann: „Ég er ekki með óráði, en hef fulla meðvitund. Ég vildi bara óska, að þið gætuð séð þessa dýrðlegu sjón. Það hryggir mig að þið skuluð ekki geta það. Verið þið sæl, við sjáumst í öðrum heimi“. Svo lokaði hann augunum og sagði: „Drottinn minn, ég fel sál mína í þínar hendur“. Svo dó hann.

Jafnskjótt og hann var dáinn, tóku englarnir hann í faðm sinn og ætluðu með hann til himins, en hann bað þá bíða ögn við. Hann leit á hinn látna líkama sinn og ættingja sína og sagði svo við englana: „Ég vissi ekki að sálin gæti séð líkama sinn látinn og vini sína eftir dauðann. Ég vildi óska að ástvinir mínir gætu séð mig eins og ég sé þá. Þá mundu þeir ekki gráta mig dáinn eins og þeir gera nú“. Hann skoðaði nú sinn andlega líkama og virtist hann

mjög léttur og fíngerður og allur annar en hinn þungi og grófgerði jarðneski líkami. Reyndi hann nú að hugga konu sína og börn, sem grátandi létu ekki af að kyssa lík hans. Hann rétti út hendur sínar og reyndi bæði að skýra þeim frá ástandi sínu og draga þau burt frá líkinu, en þau hvorki sáu hann eða heyrðu. Þegar hann reyndi að ná börnunum burt frá líkinu, var eins og hendur hans færu í gegnum líkami þeirra, en þau tóku ekkert eftir því. Þá sagði einn af englunum við hann: „Lofaðu okkur nú að fylgja þér til eilífðarheimkynnis þíns. Vertu ekki að mæða þig vegna þeirra. Frelsarinn og við munum hugga þau. Skilnaðurinn varir aðeins í nokkra daga“.

Ásamt englunum, hélt hann nú til himins. Þegar þeir voru komnir nokkuð áleiðis mætti þeim annar englahópur til að fagna honum. Meðal þeirra voru margir látnir ættingjar og vinir og hann gladdist mjög við að sjá þá. Þegar þeir komu að hliðum himinsins, staðnæmdust englarnir og hinir heilögu þegjandi á báðar hliðar hans. Hann gekk inn, en í hliðinu mætti Kristur honum. Þá féll maðurinn honum til fóta og tilbað hann, en Kristur reisti hann upp og sagði: „Þú góði og trúi þjónn, gakk inn í fögnuð herra þíns“. Gleðitár streymdu úr augum mannsins, en Kristur þerraði þau með mikilli blíðu og sagði við englana: „Flytjið hann til þess dýrðarbústaðar, sem honum var fyrirbúinn frá eilífð“.

Í huga þessa Guðsbarns, lifði ennþá sú jarðneska skoðun, að það væri Drottinn lítilsvirðing að snúa við honum bakinu, þegar hann gengi burt með englunum. Hikandi snéri hann sér því í áttina til bústaðar síns. En hann varð undrandi, þegar hann tók eftir því, að hvert sem hann snéri sér, gat hann alltaf séð Drottinn. Því Kristur er alls staðar nálægur. Bæði englar og hinir heilögu sjá hann alltaf. Hann gat þó ekki aðeins séð Frelsarann alls staðar, heldur sá hann allt það sem helst fyllti hann gleði, hvert sem hann snéri sér. Þar að auki tók hann eftir því að sálir þeirra manna sem lægra voru settir umgengust þá sem voru á hærri sviðunum án allrar öfundar og hinir æðstu andar skoðuðu það sem hina mestu náð og hamingju að geta þjónað þeim sem enn voru á lægri sviðunum, því þarna var ríki Guðs og kærleikans.

Bústaðir himinsins

Á himnum eru alls staðar yndislegir garðar fullir af girnilegum og gómsætum ávöxtum og angandi blómum sem aldrei visna. Í þessum görðum eru margvísleg dýr, sem lofa Guð án afláts. Fuglar, klæddir dýrðlegu litskrúði, syngja lofsöngva, og söngur englanna og hinna heilögu er svo yndislegur og gagntakandi, að maður fyllist óðar óþekktri hrifningu. Hvert sem litið er, er ekkert annað en fögnuður. Þannig er í sannleika sú Paradís sem Guð hefur fyrirbúið þeim sem elska hann; þar er enginn skuggi frá dauðanum, engin afvegaleiðsla, engin synd eða þjáning, en eilífur friður og fögnuður.

Síðan sá ég þetta Guðsbarn skoða þann stað sem honum var ætlaður. Var það úr mikilli fjarlægð, því á himni er allt andlegt og hið andlega auga sér í gegnum allt. Kærleikur Guðs er sjáanlegur um alla hina miklu víðáttu himinsins og í þessari víðáttu getur maður séð að allar verur lofa Guð og þakka honum.

Þegar Guðsbarnið kom til þess bústaðar sem honum var fyrirbúinn, sá hann að orðið „VELKOMINN“ var skrifað þar með eldlegum stöfum. Og stafirnir sjálfir endurómuðu hvað eftir annað orðið „VELKOMINN“. Þegar hann kom inn, sá hann sér til mikillar undrunar, að Frelsarinn var líka þar. Ég get ekki lýst þeirri gleði, sem það var honum. Hann hrópaði: „Ég hélt, að ég skildi við Frelsarann, þegar ég eftir boði hans fór hingað, en nú sé ég, að hann er hér til þess að vera hjá mér“. Í bústaðnum fann hann allt sem hann gat óskað eftir og allir voru reiðubúnir til að hjálpa honum. Í nærliggjandi bústöðum bjuggu hinir heilögu á sama stigi og hann og þeir bjuggu saman í innilegum félagsskap. Þessi himneski staður, er það ríki sem var fyrirbúið hinum heilögu frá grundvöllun heims (Matt. 25,34) og þetta er hin dýrðlega framtíð sem bíður allra sanntrúaðra eftirbreytenda Krists.

Dramblátur klerkur og auðmjúkur erfiðismaður

Prestur nokkur sem áleit sjálfan sig bæði lærðan og guðhræddan, dó á gamalsaldri. Hann var vafalaust líka ágætur maður. Þegar englarnir komu til þess að flytja til þess staðar í andaheiminum, sem honum var ákvarðaður af Drottni, fóru þeir með hann inn á millisviðið og skildu hann þar eftir, ásamt öðrum góðum öndum, sem voru nýkomnir, hjá englum þeim, sem eiga að fræða og kenna góðum sálum. Sjálfir fóru þeir að sækja aðra réttláta sál.

Á millisviðinu eru mörg stig, allt upp að hinum hæsta himni. Hverri sál er skipað til vistar og fær fræðslu og hjálp á því stigi sem þroski hennar úr jarðlífinu gerir hana hæfa til. Englarnir höfðu flutt prestinn á það stig, sem honum bar eftir andlegum þroska hans. En nú komu þeir með sálina, sem þeir fóru að sækja og fluttu hana upp á herra stig en það, sem presturinn var á. Þegar presturinn sá það, kallaði hann með mikilmennsku: „Hver leyfir ykkur að skilja mig hér eftir á miðri leið upp í dýrðina, en fara með þessa sál hér um bil alla leið? Ég stend hvorki henni né ykkur að baki í heilagleika eða neinu öðru“. Þá svöruðu englarnir: „Hér er ekki um það að ræða að vera hár eða lágur, meiri maður eða minni, en hver maður er hér settur á það stig, sem hann hefur gert sig hæfan til með lífi sínu og trú. Þú ert ekki ennþá orðinn hæfur til hærri stiganna, svo þú verður að dvelja hér um stund og læra það, sem samþjónar okkar eiga að kenna þér. Þegar Drottinn skipar, munum við með gleði flytja þig upp á hærri stigin“. Þá svaraði presturinn: „Ég hef varið ævi minni til að leiðbeina mönnum til Guðsríkis. Hvað getið þið frætt mig? Ég kann þetta allt saman“. Þá sögðu englarnir sem áttu að fræða hann: „Þessir þurfa að fara núna, við megum ekki tefja þá. En við skulum svara spurningu þinni og þú mátt ekki þykkjast við vinur, þótt við tölum við þig í hreinskilni, því það er þér fyrir bestu. Þú heldur að þú sért einn hér, en svo er ekki. Frelsarinn er hér líka, þótt þú sjáir hann ekki. Sjálfsþótti þinn, sem þú sýndir, þegar þú sagðir „ég kann þetta allt saman“, hindrar þig frá að sjá hann og komast herra upp.

Auðmýktin er besta vörnin gegn sjálfspóttu. Temdu þér auðmýkt, þá munu óskir þínar rætast“. Síðan sagði einn af englunum við hann: „Sálin sem áðan var flutt upp á hærra stig en þitt, var hvorki lærður maður eða frægur. En þú tókst ekki eftir honum. Á jörðu var hann eitt af sóknarbörnum þínum. Það þekktu hann fáir, því hann var aðeins venjulegur verkamaður og átti fáar frjálsar stundir. En á sínum stað var hann þekktur sem iðinn og trúr verkamaður og hið sannkristna lundarfar hans var metið af öllum, sem höfðu kynni af honum. Í stríðinu var hann kallaður til herþjónustu í Frakklandi. Einn dag, þegar hann var að hjálpa særðum félagu sínum, varð hann fyrir kúlu og féll. Þó að dauðinn kæmi snögglega, var hann viðbúinn, svo hann þarf ekki að dvelja hér á millisviðinu eins og þú. Upphafning hans orsakast ekki af ívilnun, heldur af hans andlegu verðleikum. Hann lifði í bæn og auðmýkt á jörðu, það bjó hann vel undir andlegu tilveruna. Nú gleðst hann yfir að vera kominn að takmarkinu og þakkar og lofsyngur Drottni, sem hefur frelsað hann og veitt honum eilíft líf“.

Lífið á himnum

Á himnum er hræsnin gagnslaus, því þar geta allir séð lífið eins og það er. Ljósið sem opinberar allt og skín frá Kristi í dýrðinni, neyðir hina vondu anda til að fela sig, en það fyllir hina réttlátu ósegjanlegum fögnuði, að fá að dvelja í því, í ríki föðurins. Réttlæti þeirra er öllum opinbert og þeir þroskast og vaxa meira og meira. Ekkert getur tafið vöxt þeirra, því þar er allt sem orðið getur þeim til hjálpar. Það þroskastig í því góða, sem hver og einn hefur náð, sést á þeim ljóma, sem skín út frá þeim. Lundarfar og eðli hvers og eins birtist í mismunandi regnbogageislum, sem stafa út frá þeim í dýrðlegasta litskrúði.

Á himnum er engin öfund, en þar gleðjast allir yfir framförum og dýrð hvers annars. Án þess að vera leiddir af nokkurri eigingirni, reyna þeir í einlægni að þjóna hver öðrum. Allar hinar mörgu gjafir himinsins eru þar til sameiginlegra afnota. Enginn hugsar þar um að raka að sér, því þar er gnægð handa öllum. Þeir sjá Guð, sem er kærleikurinn, sitjandi í hásætinu í hinum hæsta himni, í mynd Jesú Krists. Frá honum, sem er „sól réttlætisins“ og „ljós heimsins“ streyma geislar sem veita út frá sér heilbrigði og lífi. Öldur kærleika og ljóss streyma frá honum út til ystu takmarka ríkis hans, og flytja lífgandi og endurnærandi kraft til alls gegnum hina heilögu og engla.

Á himnum eru engar áttir. Sérhverri sál og engli virðist Kristur og hásæti hans vera miðdepill tilverunnar. Á himnum eru alls konar fögur blóm og dýrðlegir ávextir. Þegar þeirra er neytt, fer um sálina frábær unaður og ánægja, og á eftir leggur unaðsríkan ilm frá andlegum líkama sálarinnar.

Í fáum orðum, þá hljóta óskir og þrár allra himinbúa fyllingu sína í Guði, vegna þess að sérhver þeirra hefur fullnægt vilja Guðs í lífi sínu. Þannig veitist hverjum einstökum óbreytanlegur fögnuður, hvernig sem á stendur og hvar sem er á himnum. Hlutskipti réttláts manns er eilífur fögnuður og blessun.

VII

Takmark sköpunarinnar

Fyrir nokkrum mánuðum síðan lá ég einn í herbergi mínu og leið miklar þjáningar af bólgu í auga. Ég tók svo mikið út, að ég gat ekkert gert, svo ég eyddi tímanum í bæn og fyrirbæn. Dag einn hafði ég legið þannig um stund, er ég tók eftir því að andlegi heimurinn opnaðist og ég var umkringdur fjölda engla. Af því að eftirtekt mín beindist öll að þeim, gleymdi ég strax þjáningum mínum. Nú mun ég segja frá nokkrum atriðum, sem við tölum um.

Himnesk nöfn

Ég spurði þá um, hvort þeir gætu sagt mér hvað þeir hétu á hinnum. Einn af englum svaraði mér: „Við fáum allir nýtt nafn, sem enginn veit um nema Frelsarinn og sá sem nafnið er gefið. (Opinberunarb. 2,17). Við sem hér erum, höfum allir þjónað Frelsaranum í ýmsum löndum og á ýmsum öldum, en það er engin þörf á að nokkur annar viti nöfn okkar. Það er líka ástæðulaust að segja frá okkar fyrri jarðnesku nöfnum. Það gæti ef til vill verið gaman að vita þau, en að hvaða gagni kæmi það? Þar að auki óskum við ekki að menn þekki nöfn okkar, til þess að þeir fari ekki að fá of mikið álit á okkur og tigna okkur í stað Frelsarans, sem hefur elskað okkur svo, að hann hefur reist okkur við, sem vorum fallnir í synd og gefið okkur eilífðar heimkynni, þar sem við að eilífu munum lofa hann fyrir kærleikssamfélagið við hann. Til þess skapaði Guð okkur“.

Þeir munu Guð sjá

Þá spurði ég aftur: „Sjá hinir heilögu sem lifa í hæstu himnunum alltaf auglit Guðs? Ef svo er, í hvaða mynd birtist hann þá?“ Einn af hinum heilögu svaraði: „Eins og hafið er fullt af vatni, eins er alheimurinn fylltur af Guði og allir íbúar himinsins finna alls staðar nálægð Guðs. Og eins og hafið er fullt af óteljandi dýrum, þannig lifir hið skapaða í óendanlegri veru Guðs. Af því að hann sjálfur er ótakmarkaður, en börn hans takmörkuð, geta þau aðeins séð hann í mynd Krists, eins og hann hefur sjálfur sagt „*sá sem hefur séð mig, hefur séð föðurrinn*“.“ (Jóh. 14,9).

Í hinum andlega heimi eru andlegar framfarir metnar eftir því, að hve miklu leyti hver einstakur getur skynjað og fundið Guð, og Kristur opinberar líka dýrð sína í samræmi við andlega upplýsingu og þroska hvers og eins“. Annar af hinum heilögu bætti við: „Það er hægt að finna og njóta nálægðar Guðs, en það er ekki hægt að lýsa henni með orðum. Með bragðskyni finnur maður sætt bragð, en það fá engin orð lýst því, hvernig sem reynt er, hvernig sætt bragð er. Eins getur hver og einn á hinnum vitað, að þekking hans á Guði er veruleiki og hann þarfnast þess ekki, að nokkur hjálpi honum með munnlegri skýringu á því“.

Fjarlægðir á himnum

Þá spurði ég: „Hvað er langt frá einu tilverusviðinu til annars? Þótt maður megi ekki búa á öðru sviði en því, sem manni er skipað, er ekki hægt að fá leyfi til að koma í heimsóknir á æðri svið?“ Þessu svaraði einn af hinum heilögu: „Það er rétt, að hverri sál er vísað þar til vistar, sem andlegur þroski hennar gerir hana hæfa til, en um skemmri tíma er hægt að fá leyfi til að heimsækja önnur svið. Þegar þeir, sem búa á æðri sviðum, koma niður til lægri og myrkari sviðanna, fá þeir eins konar andlegan hjúp til þess, að ljóminn frá þeim skuli ekki rugla og blinda þá, sem búa þar niðri. Sömuleiðis fá þeir á lægri sviðunum andlegan hjúp, ef þeir fá að fara upp á æðri sviðin, svo þeir þoli ljósið og dýrðina þar“.

„Á himnum finnur maður ekki fyrir fjarlægðunum, því um leið og einhver af íbúunum óskar sér að vera einhvers staðar, þá er hann þar. Það er aðeins í efnisheiminum, að fjarlægðin finnst. Óski einhver eftir að finna einhvern hinna heilögu á öðru sviði, er hann annað hvort jafnskjótt kominn þangað, eða hinn aðilinn er kominn til hans“.

Fíkjutréd sem visnaði

Þá spurði ég enn: „Allir hlutir eru skapaðir með ákveðinn tilgang fyrir augum. Stundum virðist eins og þessum tilgangi Guðs verði ekki náð, t.d. fíkjutréd, sem var formælt og visnaði. Tilgangur fíkjutrésins er að það beri ávöxt. En þegar Frelsarinn sá að það bar ekki ávöxt, þá formælti hann því og það visnaði. Getið þið nú sagt mér, fullnægði fíkjutréd tilgangi sínum eða ekki?“ Þá svaraði einn af hinum heilögu: „Það er enginn efi á því, að tilganginum með fíkjutréd var náð og meira en það. Herra lífsins gefur öllu sem er lifandi, líf í ákveðnum tilgangi, en náist þessi tilgangur ekki, hefur hann vald til að taka líf aftur, til þess að hærra markmiði verði náð. Þannig hafa t.d. þúsundir af þjónum Guðs fórnað lífi sínu til þess að fræða og hjálpa öðrum. Með því að fórna lífi sínu fyrir aðra, hafa þeir hjálpað þeim og á þann hátt stuðlað að uppfyllingu þess markmiðs, sem Guð hafði með lífi þeirra. Ef það er rétt og göfug þjónusta fyrir einstakling, sem er miklu æðri sköpun en fíkjutréd, að fórna lífi sínu fyrir aðra, hvernig getur þá verið rangt að lítilfjörlegt tré hafi orðið að láta lífið til þess að fræða og aðvara þjóð sem fór villur vegar? Með fíkjutrénu gaf Jesús Gyðingum og öllum heiminum þá fræðslu, að hvert það líf, sem ófrjósamt og ber ekki ávöxt, það fullnægir ekki tilgangi Guðs, heldur visnar og eyðileggst“.

Vitnisburður sögunnar sýnir okkur, að hið kreddukennda og takmarkaða trúarlíf Gyðingapjóðarinnar á þeim tíma visnaði eins og fíkjutréd, af því það var ófrjótt. Á sama hátt mun ávaxtalaust andlegt líf hvers og eins, hvernig sem það lítur út í hinu ytra, aðeins verða öðrum til tals og mun því verða til bölvunar og visna. Ef einhver kann að hafa það á mótí þessu, að það hafi ekki verið ávaxtatími, þegar Jesús formælti trénu, og hann hafi þess vegna ekki getað vænst þess, að það bæri ávexti, þá er þess að gæta, að í andlegu lífi mannsins er enginn sá tími, sem ekki á að vera ávaxtasamur. Maðurinn á alltaf að sýna andlega frjósemi í lífi sínu og á þann hátt uppfylla köllun sína“.

Hefur maðurinn frjálstan vilja?

Og enn spurði ég: „Hefði ekki verið betra að Guð hefði skapað manninn og allt hið jarðneska fullkomið? Þá hefði maðurinn ekki getað syndgað og þá hefði heldur ekki verið sorg og þjáning í heiminum, vegna syndarinnar. Nú þurfum við, af því að sköpunin er undir ánaud forgengileikans, að ganga í gegnum alls konar þjáningar“.

Einn af englunum frá hinum hæstu sviðum himinsins svaraði mér: „Guð hefur ekki skapað manninn eins og sjálfvirka vél. Hann hefur heldur ekki ákveðið honum örlög eins og stjórnunum, sem alltaf ganga sína föstu braut. Hann skapaði manninn í sinni mynd, sem veru er hefur frjálstan vilja, skilning, hæfileika til ákvörðunar og athafnafrelsi. Þess vegna er maðurinn æðri öllum öðrum sköpuðum verum á jörðinni. Ef maðurinn væri ekki skapaður með frjálstan vilja, gæti hann ekki glaðst yfir samfélaginu við Guð eða notið sælu himnaríkis. Hann væri þá eins og vél, sem gengur sjálfkrafa, eða eins og stjórnurnar, sem án meðvitundar þjóta gegnum himingeiminn. En maður með frjálstan vilja er ímynd Guðs og andstæða vélrænnar og sálarlausrar fullkomnunar sem í sjálfu sér er ófullkomin, því slíkur maður væri aðeins vélgengur þræll. Hin sálarlausa fullkomnun hefði neytt hann til ákveðinna verka, sem ekki hefðu veitt honum neina gleði, því hann gerði þau ekki af eigin hvötum. Fyrir slíkan einstakling, væri Guð ekki meira virði en steinninn“.

Maðurinn, já allt hið skapaða, er undirgefið forgengileikanum, en ekki um alla eilífð. Með óhlýðni sinni, hefur maðurinn komið sjálfum sér og öllu sköpuðu undir vald hins illa og þjáninganna sem eru afleiðing þess. En það er aðeins í þessari andlegu baráttu, að andlegir eiginleikar mannsins þroskast til fulls. Það er aðeins í gegnum baráttuna, sem maðurinn getur lært það sem er honum nauðsynlegt til fullþroska. Þegar maðurinn að síðustu gengur inn til hinnar fullkomnu tilveru á himni, mun hann þakka Guði fyrir baráttu og þjáningar þessa lífs. Þá mun hann skilja til hlítar, að *þeim sem elska Guð, samverkar allt til góðs*. (Rómverjabr. 8,28).

Guð er kærleikur

Annar hinna heilögu bætti við: „Allir á himnum vita að Guð er kærleikur, en frá upphafi hafði það verið dulið að kærleikur hans væri svo ótakmarkaður, að hann gerðist maður til þess að frelsa syndarana og lét líf sitt á krossi, til þess að gera þá hreina af synd. Hann tók á sig þessar þjáningar til þess að frelsa mennina og allt hið skapaða, sem var undirorpið fallvaltleikanum. Þannig hefur Guð með því að verða maður, opinberað börnum sínum, sitt innsta eðli. En hefði hann notað einhverja aðra leið, hefði kærleikur hans verið dulinn mönnunum um alla eilífð.“

„Nú bíður allt hið skapaða með djúpri þrá eftir að synir Guðs opinberist og sköpunin verði endurreist og gerð dýrðleg á ný. En þangað til sú endurfæðing fer fram, mun öll sköpunin stynja og þeir sem eru endurfæddir, stynja og bíða eftir að líkaminn verði endurleystur“. (Sjá Rómverjabr. 8, 18-23).

Tíminn nálgast, þegar allt hið skapaða hlýðnast Guði í öllu og endurleysist að eilífu frá syndinni, fallvaltleikanum og forgengileikanum. Þá mun allt hið skapaða að eilífu verða sælt í Guði og mun af sjálfu sér fylla það takmark, sem það var skapað til. Þá mun Guð verða allt í öllu. (Sbr. 1. Korintubr. 15,28).

VIII

Niðurlagsorð

Englarnir sögðu mér margt fleira. En það er ekki mögulegt að segja frá því, vegna þess að hér í heimi er ekki það tungumál til, sem á orð eða líkingar sem geta náð hinum djúpa andlega sannleika, sem mér var sagður. Þeir óskuðu þess ekki heldur að ég reyndi það, því þeir sem ekki hefðu næga andlega reynslu, gætu ekki skilið það. Og þá væri hætta á, að í stað þess að hjálpa, gæti þetta orðið mönnum tilefni til misskilnings og villu. Ég hef þess vegna aðeins sagt frá nokkru af því einfaldasta, í þeirri von, að það geti orðið mörgum til viðvörunar, lærdóms og huggunar.

Sá tími er heldur ekki svo langt undan, að lesendur mínir koma sjálfir yfir í andaheiminn og þá sjá þeir allt þetta með eigin augum. En áður en við förum héðan fyrir fullt og allt, yfir í heimkynni eilífdarinnar, verðum við með hjálp náðar Guðs og anda bænarinna, að uppfylla köllun okkar með trúmennsku. Á þann hátt náum við takmarki lífs vors og fáum inngöngu í eilífa gleði himnaríkis án nokkurs skugga af eftirsjá.

~ ~ ~

Æviágrip Sundar Singh

Sundar Singh fæddist 3. september árið 1889 í Rampur í ríkinu Patiala á Norður-Indlandi. Hann var yngsti sonur auðugra foreldra, og æskuheimilið var ríkmannlegt. Hann minntist oft þessa góða heimilis, er hann bar saman annars vegar þægilegt líf, sem verður ófullnægjandi vegna andlegs hungurs, og hins vegar óþægindin við að lifa eins og kristinn „sadhu“ (heilagur maður á indverska vísu), en það líf verður fullt af innri friði og gleði.



Sundar Singh

Þegar hann var 16 ára, hafði hann lesið aðal helgirit síka eftir Granth Sahib og Kóraninn. En þetta nám varð allt árangurslaust.

Móðir hans hafði farið með hann til presta og „sadhúa“. Þeim var falið að útskýra fyrir honum helgiritin, sem áttu að vísa honum veginn. Um tíma æfði hann yoga undir handleiðslu meistara í þeim fræðum. Yoga er af Hindúum talin fullkonnasta aðferðin til þess að ná einbeitingu hugans og komast í hrifningarástand, svo mannum finnst hann sameinast guðdóminum og öðlist við það frið — en allt varð þetta árangurslaust.

Hann kynntist Biblíunni í enskum trúboðsskóla þar í bænum. Honum virtist hún rífa niður trú feðra hans og vera fjandsamleg stoltum erfðavenjum þjóðarinnar. Varla mun honum hafa komið í hug, að þessi bók myndi að lokum veita honum þann frið, sem hann leitaði að.

Hann segir sjálfur svo frá: „Í nærveru föður míns reif ég Biblíuna og fleiri kristnar bækur í tætlur, hellti steinolíu yfir og brenndi. Mér virtist Kristindómurinn vera fölsk trúarbrögð og ég gerði allt, sem ég gat til að spilla fyrir honum. Ég treysti trúarbrögðum mínum.

En ég fann enga fullnægju né frið, þótt ég fylgdi öllum reglum og helgisiðum þeirra. Loks ákvað ég að losna frá þessu öllu með því að fremja sjálfsmorð“.

Þremur dögum eftir að ég brenndi Biblíuna, vaknaði ég kl. 3 að morgni. Ég fór í bað eins og ég var vanur. Ég tók síðan að biðjast fyrir: „Ó Guð! Ef þú ert til, þá sýndu mér hina réttu leið. Annars hlýt ég að fyrirfara mér“. Ef ég fengi engan frið, var það ætlun mín, að leggjast á járnbrautarteina í nágrenninu, áður en lestin færi hjá kl. 5. Þótt ég fyndi ekki frið í þessu lífi, vonaði ég að finna hann í næsta lífi. Ég bað og bað, en fékk ekkert svar.

Klukkan 4:30, sá ég það sem ég hafði aldrei kynnst áður. Mikið ljós fyllti herbergið, sem ég baðst fyrir í. Ég hélt að kviknað væri í húsinu, en sá þó engin merki þess. Þá datt mér í hug, að þetta hlýti að vera svar, sem Guð hefði sent mér. Þá bað ég enn og horfði inn í ljósið og sá þar mynd Jesú Krists. Ef það hefði verið einhver Hindúa-guð, hefði ég fallið fram á ásjónu mína fyrir honum. En þetta var sjálfur Jesús Kristur, sem ég hafði smánað fáum dögum áður. Ég fann að þessi sýn gat ekki hafa orðið til af ímyndun minni. Ég heyrði rödd mæla á Hindí: „Hve lengi ætlar þú að ofsækja mig? Ég er kominn til að frelsa þig. Þú baðst um að fá að þekkja hinn rétta veg. Hví vilt þú þá ekki fara hann?“

Þá flaug mér í hug: „Jesús Kristur er ekki dáinn. Hann lifir og þetta hlýtur að vera hann.“ Ég féll að fótum hans og fann hinn dásamlega frið, sem ég hafði hvergi fundið annars staðar. Það var sú gleði sem ég óskaði mér. Það var eins og himininn væri kominn. Þegar ég reis á fætur, var sýnin horfin. En þótt sýnin hyrfi, hefur gleðin og friðurinn ávallt síðan verið með mér.

Ég fór til föður míns og tjáði honum, að ég væri orðinn kristinn. Hann sagði: „Farðu og legðu þig og sofnaðu. Þú kristinn! Í fyrradag brenndir þú Biblíuna og nú segist þú vera kristinn!“ Ég svaraði: „Já, nú veit ég að Jesús Kristur lifir og ég hef ákveðið að fylgja honum. Í dag er ég lærisveinn hans og vil þjóna honum upp frá þessu“.

Faðir hans og ættingjar gerðu allt sem þau gátu, til þess að telja drenginn af að gerast kristinn. Honum var heitið auði og hárrí stöðu, ef hann héldi við trú feðra sinna. Rækilega var lýst þeirri skömm og þeim vanheiðri, sem hann gerði ætt sinni, ef hann yrði kristinn. En ekkert gat breytt fyrirætlun hans. Þegar skynsamlegar fortölur og góð boð dugðu ekki voru ofsóknir reyndar. Í níu mánuði varð hann að þola háð og auðmýkingu. Loks reyndi einn vinur þeirra af konungsætt landsins að hafa áhrif á hann með því að benda á heiður hans og ættarstolt, en það breytti engu. Þá var honum að lokum útskúfað og var skipað að yfirgefa heimilið fyrir fullt og allt. Hann fór burt með ofurlítið af mat, sem eitri hafði verið blandað í. Betra var að hann myndi deyja, en að hann yrði ættinni til ævarandi smánar.

Hann segir svo frá: „Ég man alltaf eftir fyrstu nóttinni eftir að ég var rekinn burt af heimili mínu. Þegar ég hafði lært að þekkja Frelsara minn, sagði ég föður mínum, bróður mínum og öðrum ættingjum frá því. Í fyrstu virtist þeim þetta ekki skipta miklu máli, en brátt komust þeir á þá skoðun, að það væri mikil skömm, ef ég yrði kristinn og því var ég rekinn burt af heimili mínu.

Fyrstu nóttina varð ég að hafast við undir tré, og það var kalt í veðri. Ég hafði aldrei reynt slíkt áður, og ég tók að hugsa sem svo: „Undanfarið hefur mér liðið vel heima. Nú er ég hungraður og kaldur, matarlaus og klæðlítill. En ég minntist gleðinnar og friðarins í hjarta mínu. Það var dásamlegt. Það var návist Frelsara míns. Ég minnst þeirrar nætur, sem fyrstu nætur minnar í himnaríki. Ég bar þessa nótt saman við dvöl mína heima. Þar fann ég engan frið, þrátt fyrir óhóf og allsnægtir, en nærvera Frelsarans snéri þjáningum næturinnar í sælu. Síðan hef ég ávallt fundið návist Frelsara míns“.

Hann var skírður til kristinnar trúar í ensku trúboðskirkjunni í borginni Simla 3. september árið 1905, 16 ára að aldri.



Sundar Singh í predikunarstól

hann um Suður-Indland, Ceylon, Burma, Malajalöndin, Kína og Japan, en fór þó oftast til Tíbet á sumrum.

Á árunum 1920 og 1922 ferðaðist Sundar Singh til Evrópu, Ameríku og Ástralíu. Honum var tekið sem heimsfrægum manni á Vesturlöndum. En þrátt fyrir það hélt hann áfram sömu lifnaðarháttum og í Indlandi. Hann predikaði víða og hvar sem hann kom, varð mikil trúarvakning.

Það vita menn síðast um hann, að hann fór í trúboðsferð til Tíbet í maí-júní árið 1929 og kom ekki aftur. Þar mun hann hafa látið lífið sem púslarvottur fyrir trú sína.

Hann hafði spáð því sjö árum áður í Sviss að svo myndi fara: „Ekki verkur sú hugsun mér hinn minnsta ótta, að ég verði að deyja í Tíbet. Ef sá dagur kemur, þá mun ég taka honum með fögnuði. — Til Tíbet fer ég á hverju ári, og á næsta ári fáið þið, ef til vill þá fregn, að ég hafi látið lífið þar. Hugsið þá ekki: „Hann er dáinn“, heldur segið: „Hann er kominn heim til himins og genginn inn til lífsins. Nú á hann vist með Kristi í fullkomnu lífi“.

Sundar Singh sannaði með lífi sínu það sem segir í Markúsarguðspjalli 8, 34-35: *„Hver sem vill fylgja mér, afneiti sjálfum sér, taki kross sinn og fylgi mér. Því að hver sem vill bjarga lífi sínu, mun týna því, og hver sem týnir lífi sínu vegna mín og fagnaðarerindisins, mun bjarga því.“*